

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 18. nóvember 2022.

Mál nr. 308/2021:

Stilling hf.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

gegn

protabúi Fashion Group ehf.

(Svanhvít Axelsdóttir lögmaður)

Lykilorð

Verksamningur. Aukaverk. Skuldajöfnuður. Tafabætur. Tómlæti.

Útdráttur

Þb. F ehf. krafði S hf. um greiðslu eftirstöðva samningsfjárhæðar samkvæmt verksamningi milli aðila auk greiðslu sem það taldi sig eiga rétt á fyrir ýmis auka- og viðbótarverk sem unnin hefðu verið í tengslum við verkið. S hf. hafði uppi gagnkröfur á hendur þb. F ehf. til skuldajöfnunar vegna útlagðs kostnaðar sem hann taldi sig eiga rétt á vegna ólokinna verka sem F ehf. hefði átt að vinna samkvæmt verksamningnum sem og bóta vegna tafa sem höfðu orðið á verkinu. Í dómi Landsréttar kom fram að í málatilbúnaði S hf. hefði ekki verið gerð grein fyrir því til hvaða tafa á verkinu væri vísað, á hvaða tímabili tafirnar hefðu orðið og fjárhæð kröfunnar ekki verið sundurliðuð með hliðsjón af því, en tafir á verkinu hefðu ekki verið að öllu leyti raktar til atvika er vörðuðu F ehf. Þá yrði ekki annað ráðið en að formlegri kröfu um tafabætur hefði fyrst verið beint til F ehf. þegar nær átta mánuðir voru liðnir frá því að F ehf. tilkynnti S hf. um verklok. Var því talið að S hf. hefði sýnt af sér tómlæti með því að tilkynna ekki, þá þegar hann taldi tilefni til, að hann hygðist krefjast tafabóta samkvæmt verksamningnum. Var S hf. gert að greiða þb. F ehf. tilgreinda fjárhæð sem nam eftirstöðvum fjárhæðar verksamnings þeirra auk þess sem fallist var á kröfu þb. F ehf. um greiðslu fyrir tiltekið aukaverk. Á hinn bóginn féllst Landsréttur á að S hf. gæti nýtt til skuldajöfnunar kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar samkvæmt fjórum reikningum, þar sem um hefði verið að ræða verk sem F ehf. hefði borið að vinna í samræmi við verksamning aðila, auk áður dæmde málskostnaðar.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson og Ragnheiður Harðardóttir og Ásmundur Ingvarsson verkfræðingur.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 11. maí 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 2021 í málinu nr. E-2310/2019.

- 2 Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Málsatvikum er ítarlega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram tók stefndi að sér að reisa stálgrindarhús fyrir áfrýjanda með verksamningi 8. september 2017. Um var að ræða fastverðssamning og skyldi fjárhæð hans reiknuð miðað við gengi evru og krónu á greiðsludegi eftir nánar tilgreindu fyrirkomulagi. Áfrýjandi hefur ekki greitt alla samningsfjárhæðina og höfðaði stefndi mál þetta til innheimtu eftirstöðva. Að auki krafði stefndi áfrýjanda í héraðsdómsstefnu um greiðslu sem hann taldi sig eiga rétt á fyrir ýmis auka- og viðbótarverk sem unnin hefðu verið í tengslum við verkið. Áfrýjandi hefur hafnað öllum kröfum stefnda og vefengir útreikninga hans á eftirstöðvum samningsfjárhæðarinnar. Í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi gerði hann jafnframt gagnkröfu á hendur stefnda til skuldajafnaðar vegna útlagðs kostnaðar sem hann taldi sig eiga rétt á vegna ólokinnna verka sem stefndi hafi átt að vinna samkvæmt samningnum, sem og dagsekta og málskostnaðar vegna fyrri málareksturs milli aðila.
- 5 Með hinum áfrýjaða dómi var áfrýjanda gert að greiða stefnda eftirstöðvar samningsfjárhæðarinnar að fjárhæð 14.769.907 krónur, auk dráttarvaxta. Að auki var fallist á kröfu stefnda um greiðslu að fjárhæð 1.598.368 krónur fyrir tiltekið aukaverk sem laut að breytingum á stálgrind hússins sem stefndi tók að sér að reisa. Áfrýjandi var á hinn bóginn sýknaður af kröfum stefnda um greiðslu fyrir önnur auka- og viðbótarverk. Þá var talið að áfrýjandi gæti nýtt áður dæmdan málskostnað milli aðila að fjárhæð 300.000 krónur til skuldajöfnunar við kröfur stefnda en ekki var fallist á aðrar kröfur áfrýjanda um skuldajöfnuð. Stefndi unír niðurstöðu héraðsdóms en áfrýjandi heldur framangreindum kröfum sínum til streitu hér fyrir dómi.
- 6 Svo sem að framan greinir hefur áfrýjandi gert athugasemdir við útreikning stefnda á eftirstöðvum samningsfjárhæðarinnar. Stefndi telur eftirstöðvar samningsfjárhæðarinnar nema 14.769.907 krónum en áfrýjandi kveður þann útreikning rangan og að auki vanreifaðan.
- 7 Stefndi gerði áfrýjanda reikning 25. júlí 2018 að fjárhæð 34.333.295 krónur. Sú fjárhæð var ekki sundurliðuð í reikningnum og takmarkaðar skýringar á henni að finna að öðru leyti en því að hún ber með sér að vera að meðtöldum virðisaukaskatti. Með bréfi lögmanns áfrýjanda 9. ágúst 2018 var reikningnum mótmælt á þeirri forsendu að ómögulegt væri að gera sér grein fyrir því hvers væri verið að krefjast. Gerðar voru ýmsar athugasemdir við reikninginn en þess jafnframt getið að áfrýjandi hefði þegar greitt stefnda 110.127.341 krónu af tilboði hans að fjárhæð 124.897.248 krónur. Beðið væri lokaúttektar á húsinu og því ekki tímabært að gefa út lokareikning fyrir verkinu. Var reikningnum því hafnað.

- 8 Með bréfi lögmanns áfrýjanda til stefnda 21. mars 2019 var vísað til fyrri samskipta aðila um uppgjör og er þar að finna útreikning áfrýjanda á eftirstöðvum samningsfjárhæðarinnar. Samkvæmt því sem þar kemur fram taldi áfrýjandi eftirstöðvar þeirrar fjárhæðar nema 13.592.565 krónum. Eins og reikningsgerð stefnda var háttað verður sú fjárhæð lögð til grundvallar í málinu, enda er hún viðurkennd af hálfu áfrýjanda. Auk þess verður, með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, fallist á þá niðurstöðu að stefndi eigi rétt á greiðslu að fjárhæð 1.598.696 krónur fyrir aukaverk sem laut að breytingum á stálgrind hússins.
- 9 Áfrýjandi hefur uppi gagnkröfur á hendur stefnda til skuldajöfnunar vegna útlagðs kostnaðar og dagsekta. Með hinum áfrýjaða dómi var sem fyrr segir fallist á að hann geti nýtt áður dæmdan málskostnað að fjárhæð 300.000 krónur til skuldajöfnunar og unir stefndi þeirri niðurstöðu.
- 10 Krafa áfrýjanda um greiðslu vegna útlagðs kostnaðar að fjárhæð 1.101.504 krónur er byggð á grein 4.4.8 í ÍST 30:2012 þar sem sagði að ef verktaki bætti ekki úr göllum á verki innan tilgreindra tímamarka væri verkkaupa heimilt að láta gera það á hans kostnað. Stefndi tilkynnti áfrýjanda um verklok 25. júlí 2018 og fór lokaúttekt fram 23. næsta mánaðar. Í fundargerð um lokaúttekt á verkinu var fært til bókar að ljúka yrði vinnu við tilgreind hönnunargögn auk nokkurra frágangsverka. Er fallist á það með áfrýjanda að um var að ræða verk sem stefnda bar að vinna í samræmi við verksamning aðila. Stefndi varð ekki við áskorunum áfrýjanda um úrbætur að þessu leyti og krefur áfrýjandi hann um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna vinnu við að ljúka verkinu. Áfrýjandi hefur lagt fram fjóra reikninga til grundvallar kröfu sinni frá nafngreindum hönnunar- og verktakafyrirtækjum og er þar í öllum tilvikum tilgreint það verk sem unnið var. Verður fallist á að áfrýjandi geti nýtt kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar samkvæmt þessum reikningum, samtals að fjárhæð 929.810 krónur, til skuldajöfnunar í málinu. Áfrýjandi hefur einnig lagt fram drög að reikningi að fjárhæð 171.694 krónur, vegna ótilgreinds verks, en ekki er unnt að fallast á að stefnda beri að greiða kröfu áfrýjanda byggða á því gagni.
- 11 Krafa áfrýjanda um tafabætur að fjárhæð 12.371.991 krónu er reist á 6. gr. verksamnings aðila og nemur hún 10% samningsfjárhæðarinnar, sem var hámarksupphæð tafabóta samkvæmt því ákvæði. Í málatilbúnaði áfrýjanda er ekki gerð grein fyrir því til hvaða tafa krafan vísar, á hvaða tímabili þær tafir hafi orðið og fjárhæð hennar ekki sundurliðuð með hliðsjón af því, en eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi sýna gögn málsins að tafir á verkinu verða ekki að öllu leyti raktar til atvika sem varða stefnda. Þá er til þess að líta að áfrýjanda bar að tilkynna stefnda tafarlaust þegar hann taldi fram komið tilefni til að krefja hann um tafabætur. Gögn málsins bera með sér að slíkt hafi borið á góma í samskiptum aðila um lokaúttekt á verkinu og uppgjör. Þannig kom fram í fundargerð tæknilegs ráðgjafa áfrýjanda 14. mars 2018, sem barst fyrirsvarsmanni stefnda með tölvupósti 19. sama mánaðar, að halda þyrfti sérstakan fund „vegna tímaáætlana, dagsekta og annarra atriða er varða

verklok“. Á hinn bóginn liggur fyrir að slíkur fundur var ekki haldinn. Ekki verður annað ráðið en að formlegri kröfu um tafabætur hafi fyrst verið beint til stefnda með bréfi lögmanns áfrýjanda 21. mars 2019 en þá voru nær átta mánuðir liðnir frá því að stefndi tilkynnti áfrýjanda um verklok. Verður að telja að áfrýjandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að tilkynna ekki, þá þegar hann taldi tilefni til, að hann hygðist krefjast tafabóta samkvæmt verksamningnum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 21. september 2017 í máli nr. 664/2016. Samkvæmt framangreindu verður kröfu áfrýjanda um tafabætur hafnað.

- 12 Með vísan til þess sem að framan er rakið verður fallist á kröfu stefnda um að áfrýjanda verði gert að greiða eftirstöðvar fjárhæðar verksamnings þeirra frá 8. september 2017 og viðbótarverk sem unnið var vegna breytinga á stálgrind hússins sem stefndi tók að sér að reisa. Þá er það niðurstaða dómsins að áfrýjandi eigi rétt á greiðslu úr hendi stefnda vegna útlagðs kostnaðar við að ljúka verkinu, sem komi til skuldajöfnunar við kröfu stefnda, auk þess sem hið sama á við um málskostnað vegna fyrra dómsmáls milli aðila. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda samtals 13.961.451 krónu (13.592.565+1.598.696-929.810-300.000) auk dráttarvaxta. Svo sem að framan greinir gerði stefndi áfrýjanda reikning 25. júlí 2018 fyrir eftirstöðvum samningsfjárhæðarinnar og aukaverkum en fjárhæð kröfunnar var þar lítt reifuð. Var reikningnum hafnað með bréfi lögmanns áfrýjanda 9. næsta mánaðar og stefndi hefur síðar fallið frá ýmsum af þeim kröfum. Í ljósi þessara atvika þykir rétt að miða upphaf dráttarvaxta af fjárkröfu stefnda við þann dag er mál þetta var höfðað í héraði, það er 20. maí 2019, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 13 Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, sem ákveðinn er í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Stilling hf., greiði stefnda, þrotabúi Fashion ehf., 13.961.451 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. maí 2019 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 1.800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, mánudaginn 19. apríl 2021

Þetta mál, sem var tekið til dóms 9. mars 2021, höfðar þrotabúi Fashion Group ehf., kt. 420407-0840, með stefnu birtri 20. maí 2019, á hendur Stillingu hf., kt. 630269-0169, Kletthálsi 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 40.080.592 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 25. júlí 2018 til greiðsludags en til vara frá 23. ágúst 2018 til greiðsludags, en til þrautavara frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 14.982.314 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 25. júlí 2018 til greiðsludags en til vara frá 23. ágúst 2018 til greiðsludags, en til þrautavara frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málsatvik

Stefnandi er þrotabú verktakafyrirtækis sem framleiddi, hannaði og setti upp stálgrindarhús. Með samningi, dags. 8. september 2017, tók stefnandi að sér að framleiða og setja upp stálgrindarviðbyggingu við starfsstöð stefnda að Kletthálsi 5 í Reykjavík, samkvæmt teikningum frá teiknistofunni Strikið, dags. 19. júlí 2017.

Efni samningsins

Samkvæmt 1. gr. samningsins, skyldi stefnandi uppfæra hönnun frá árinu 2003, framleiða og setja upp stálgrind (burðarkerfi viðbyggingar) ásamt nauðsynlegum festingum og tengingum við þá byggingu sem fyrir var. Hann skyldi framleiða og setja upp allar utanhúsklæðningar; framleiða og setja upp alla glugga og hurðir, þar með talið þakglugga og innkeyrsluhurðir; framleiða og setja upp þak með þakrennum og þakstömum; og færa þáverandi gaflvegg úr móðullínu 4 yfir í móðullínu 5. Stefnandi átti að sjá um alla burðarþolshönnun, bæði fyrir sökkla og botnplötu sem og fyrir stálgrind, auk þess að sjá um alla lagnahönnun fyrir utan raflagnahönnun og loftræstihönnun skv. 1. gr. samnings.

Samkvæmt samningnum skyldi stefndi hins vegar leggja til aðaluppdrætti byggingarinnar, tilbúinn steypant grunn, þar með talið sökkla og botnplötu, með tilbúnum og innsteypnum sökkulboltafestingum frá stefnanda. Stefnandi skyldi slétta jarðvegsfyllingu innan og utan við grunn og slétta keyrsluhæfa fyllingu á lóð. Hann átti að vera búinn að steypa sökkla og botnplötu fyrir reisingu stálgrindar sem átti að hefjast 6. nóvember 2017, skv. 5. gr. samningsins. Í ákvæðinu segir einnig að það sé hlutverk byggingarstjóra að samræma verkþætti.

Til þess að vinna steypuvinnuna hafði stefndi ráðið verktakann Alefli. Sá verktaki var jafnframt byggingarstjóri verksins og átti því að samræma verkþætti. Stefnandi hafði einnig tæknilegan ráðgjafa, byggingarverkfræðing, sem bar fyrir dómi að hann hefði þó ekki talið sig hafa neins konar boðvald og kvaðst hann ekki hafa haft eftirlit með verkinu.

Verkþætti skyldi vinna samkvæmt tímatöflu verksins í öðrum viðauka við samninginn en verktaki átti að skila fullunnu verki 15. febrúar 2018.

Samkvæmt 3. gr. er samningurinn fastverðssamningur í evrum og að hluta í krónum. Heimilt var að greiða heildarfjárhæð samningsins í krónum miðað við gengi Arion banka á greiðsludegi. Heildarupphæð við undirritun nam 786.234,99 evrum með virðisaukaskatti og 26.617.998 íslenskum krónum. Stefnandi átti að greiða fyrir efni og uppsetningu skv. framvindu og efnislista í fyrsta og öðrum viðauka með samningnum.

Í 6. gr. samningsins var kveðið á um févítí/dagsektir skilaði verktaki ekki verkinu skv. 5. gr. Heildarfjárhæð dagsekta skyldi aldrei nema hærri fjárhæð en 10% af samningsupphæð. Í ákvæðinu er tekið fram að það gildi ekki verði tafir af völdum annarra verktaka á vegum stefnda. Samkvæmt 2. gr. samningsins gilda ÍST 30:2012, almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, að öðru leyti um verkið og réttarsamband stefnanda og stefnda.

Í 10. gr. samningsins sagði að lokaúttekt á efnislið og uppsetningu skyldi fara fram „í báðum tilfellum innan þriggja daga frá afhendingu á efni inn á byggingarstað og í verklok uppsetningar“.

Verksamningnum fylgdu sex fylgiskjöl eða viðaukar. Í fyrsta viðauka, tilboði stefnanda í verkið,

var verðgrundvöllur verksins. Þar voru tilgreind einingaverð og magntölur fyrir alla verkliði og efni sem stefnandi bar ábyrgð á. Í tilboðinu voru 62 verkliðir. Í tilboðinu voru einnig í ónúmeruðum liðum nokkur efnisákvæði. Í einu þeirra stóð: „The Offeror have right to correct the transport number.“ Í öðrum sagði: „Ef vantar kostnaðarliði og einingaverð, þá skal reikna þá liði sem viðbótarverk/aukaverk.“

Framvinda verksins

Samkvæmt 1. gr. verksamningsins skyldi stefnandi afhenda verkkaupa allar teikningar sem byggingaryfirvöld krefjast vegna „framkvæmdaleyfis“, áritaðar, innan þriggja vikna frá undirritun samnings. Ritað var undir samninginn 8. september 2017 og átti stefnandi því að afhenda þær eigi síðar en 29. september 2017.

Tæpri viku síðar, með tölvuskeyti 5. október 2017, staðfesti stefndi að allar verkfræðiteikningar undirritaðar af viðkomandi hönnuði lægju fyrir fyrir vegna verksins. Í bréfinu kom fram að teikningarnar væru áritaðar af arkitekt og komnar inn til byggingarfulltrúa.

Eins og áður greinir átti stefndi að steypa sökkla og hafði ráðið verktakann Alefli til þess. Stefnandi átti að útvega sökkulbolta og afhenda þá 10. október 2017. Af gögnum verður ekki ráðið að tafir hafi orðið á því. Alefli átti að vera búinn að steypa sökkla og botnplötu fyrir reisingu stálgrindar sem hefjast átti 6. nóvember 2017, skv. 5. gr. samningsins.

Samkvæmt fram lögðum gögnum áttuðu starfsmenn Aleflis sig á því föstudaginn 17. nóvember að boltarnir væru um 10 cm lengri en þeir ættu að vera. Fyrstu boltarnir bárust Alefli í rétttri lengd miðvikudaginn 22. nóvember og höfðu þeir fengið þá alla í rétttri lengd 24. nóvember. Lokavinnan við uppsteypu sökkla, þ.e.a.s. kantmót og tiltekt var ekki unnin fyrr en tveimur vikum síðar, 8. desember.

Fyrirsvarsmáður stefnanda ritaði tæknilegum ráðgjafa stefnda 5. desember og tilkynnti að stálið í grindina væri að koma með skipi og óskaði eftir því að fá að geyma stálið á lóðinni að Kletthálsi 5 og þyrfti hún þá að hafa verið jöfnuð. Hann þyrfti jafnvel að fá að geyma eitthvað af stálinu inni í grunninum.

Í tölvuskeyti frá Alefli 8. desember segir að vinnu við steypa sökkulveggi og hnalla sé að ljúka og fylling að sökklum að hefjast. Síðan er tekið fram að þar eð það líti út fyrir frost meira og minna næstu tvær vikur leggi Alefli til nýja verktilhögun. Samkvæmt henni skyldi beðið með að leggja lagnir undir botnplötuna og fínjafna undir plötuna. Vonast var til að því yrði lokið mánudaginn 11. desember en ekki væri þó hægt að lofa því.

Í þessari nýju verktilhögun voru ekki settar neinar dagsetningar um verklok. Sama dag, 8. desember, samþykkti fyrirsvarsmáður stefnanda breytta verktilhögun. Í henni fólst að áður ákveðinni röð verka var breytt. Í stað þess að hefja reisingu stálgrindarinnar eftir að botnplatan hefði verið lögð þurfti stefnandi að reisa stálburðarvirkið á sökkla og sökkulbolta án botnplötu en þó þannig að gert yrði ráð fyrir rými til þess að steypa plötuna í síðar, í stað þess að reisa burðarvirkið beint ofan á steypa botnplötu sem næði út fyrir veggklæðningar að neðan eins og tilboð stefnanda gerði ráð fyrir, sbr. fyrsta viðauka með verksamningi.

Tæknilegur ráðgjafi stefnda bar fyrir dómi að það væri betra að steypa botnplötuna eftir að húsið hefði verið reist því þá væri hún undir þaki og við þær aðstæður yrðu gæði vélslípunarinnar meiri.

Verkstaðurinn mun hafa staðið stefnanda til reiðu 12. desember. Með tölvuskeyti 19. desember 2017 tilkynnti stefnandi stefnda að hann teldi sig eiga rétt til framlengingar verktíma í samræmi við gr. 5.2.3 í ÍST 30:2012 og tilgreindi þann fjölda daga sem hann taldi verkið hafa tafist af völdum verktaka sem stefndi bæri ábyrgð á.

Með tölvuskeyti 19. desember, sem var ítrekað 27. desember 2017, óskaði tæknilegur ráðgjafi stefnda, sem var þó ekki byggingarstjóri á verkinu, eftir nýrri tímaáætlun frá stefnanda til þess að skipuleggja mætti og samræma verkþætti. Í skeytinu var fallist á það að verkið væri talsvert á eftir áætlun en hann teldi að hluta þeirrar seinkunar mætti rekja til stefnanda. Hann hafnaði því að verktíminn yrði framlengdur.

Stefnandi hóf uppsetningu stálgrindar hússins 4. janúar 2018. Því verki var lokið eigi síðar en 14. mars 2018. Samkvæmt fundargerð af fundi á verkstað þann dag óskaði stefnandi eftir því að gengið yrði í það verk að ljúka botnplötunni. Hann sagðist geta unnið að klæðningu utanhúss samhliða því að hún yrði

steyp. Talið var að það tæki Alefli þrjár vikur að ljúka jarðlögnum undir botnplötu og steypa hana en það gæti ráðist af veðri. Stefnandi taldi að öllum verkþáttum utanhúss yrði lokið í apríl og þá gæti hann hafið vinnu við verkþætti innanhúss.

Alefli lauk ekki steypuvinnu við botnplötu hússins fyrr en 9. maí 2018. Þá hófst þurrkunartími steypunnar sem er tvær vikur. Þegar platan var nægjanlega hörðnuð gat stefnandi fyrst hafið vinnu innanhúss svo sem að færa innvegg úr móduúllínu 4 í móduúllínu 5.

Að sögn stefnanda vann hann á verk tíma jafnframt ýmis aukaverk, ýmist að beiðni stefnda eða vegna annmarka á samþykktum stálteikningum frá árinu 2003 hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík sem stefnandi átti að fylgja í hönnunaruppfærslu sinni og að útvega skv. samningi. Til dæmis hafi reynst nauðsynlegt að breyta innakstursdyrum og hanna þær til samræmis við innkeyrsludyr í því húsi stefnda sem fyrir var.

Þegar stefnandi hafði lokið verkinu tilkynnti hann stefnda það með tölvuskeyti 25. júlí og boðaði til lokaúttektar 31. júlí 2018 í samræmi við 10. gr. samningsins. Að sögn stefnanda miðar hann afhendingu hússins við þessa tilkynningu. Erfiðlega gekk að finna tíma fyrir lokaúttekt vegna sumarleyfa framkvæmdastjóra stefnda og tæknilegs ráðgjafa hans.

Stefnandi sendi stefnda reikning nr. 42 dagsettan 25. júlí 2018 og krafðist greiðslu 34.333.295 króna. Þar af nam uppgjör samningsins 14.982.314 kr. en það sem út af stóð var kostnaður sem stefnandi taldi sig eiga rétt á vegna viðbótar- og aukaverka svo og tafa. Að sögn stefnanda tók fjárhæð þessa reiknings mið af afslætti sem hann vildi gefa stefnda í þeirri von að geta lokið uppgjöri án ágreinings, sem hann óttaðist að stefndi myndi stofna til. Stefnandi áskildi sér rétt til ýtrustu kröfugerðar síðar.

Með tölvupósti 28. júlí mótmælti þáverandi lögmaður stefnda því að tímabært væri að krefjast uppgjörgreiðslu því verkinu væri ekki lokið og áskildi stefnda rétt til þess að mótmæla reikningi nr. 42. Tæpum tveimur vikum síðar, 9. ágúst, gerði þáverandi lögmaður stefnda ítarlegri athugasemdir við reikninginn. Í lok bréfsins segir að tilboð stefnanda hafi numið 124.897.248 krónum. Af þeirri fjárhæð hafi stefndi þegar greitt 110.127.341 krónu. Í bréfinu var hvorki minnst á dagsektir né lýst yfir skuldajöfnun.

Stefnandi svaraði stefnda með bréfi, dags. 15. ágúst 2018 og mótmælti athugasemdum stefnda við auka- og viðbótarverkum.

Lokaúttekt á verkinu fór fram á verkstað 23. ágúst 2018. Samkvæmt fundargerð af þeim fundi var ólokið fimm þáttum tengdum teikningum. Af verkþáttum átti eftir að setja upp hurðapumpur á göngu- hurðir, að fjarlægja boltafestingar sem tilheyrðu gafflvegg sem hafði verið fluttur, að fjarlægja rusl af lóð og afhenda lykla að gönguhurðum.

Stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda til greiðslu reikningsins með birtingu stefnu 14. september 2018 sem var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. september.

Þáverandi lögmaður stefnda ritaði lögmanni stefnanda bréf 19. september 2018. Þar var vísað til bréfsins frá 24. ágúst og fyrri mótmæli áréttuð þar eð stefnandi hefði ekki enn efnt verksamninginn því þeim atriðum sem voru tilgreind í fundargerð 23. ágúst væri ekki enn lokið.

Með tölvuskeyti 1. nóvember 2018 tilkynnti tæknilegur ráðgjafi stefnda að rafvirkjar á vegum stefnda væru búnir að leggja raflagnir fyrir hurðamótora. Stefnandi gæti því látið ljúka því verki að stilla mótora.

Dómsmálinu sem stefnandi höfðaði 14. september 2018 var vísað frá að kröfu stefnda með úrskurði 31. janúar 2019. Sáttatilraunir í kjölfarið báru ekki árangur. Fyrirsvarsmenn félaganna skiptust á tölvuskeytum af því tilefni. Í einu slíku, 8. mars 2019, segir fyrirsvarsmaður stefnda að draga þurfi frá kröfum stefnanda 12.000.000 kr. dagsektir.

Þáverandi lögmaður stefnda ritaði stefnda bréf 21. mars 2019 þar sem fram kom að hann teldi stefnda ekki skulda stefnda neitt heldur væri málinu öfugt farið. Í því bréfi var talinn upp útlagður kostnaður stefnda vegna ólokinnar verka stefnanda og einnig lýst yfir því að stefndi ætti rétt á dagsektum úr hendi stefnanda sem næmu 10% af verksamningi. Hann teldi heildarverð verksamningsins í íslenskum krónum vera 123.719.914 kr. Þar af hafi stefndi greitt 110.127.341 kr.

Þetta mál var, eins og áður segir, höfðað með stefnu birtri 20. maí 2019. Bú Fashion Group ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 9. janúar 2020 og tók þrotabúið þá við

aðild málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi gerir tvær kröfur. Hann krefst aðallega þess sem hann telur fullar efndir heildarverksins með viðbótar- og aukaverkum. Til vara krefst hann greiðslu eftirstöðva fastverðs verksamningsins, sem sé í raun krafa um efndir in natura.

Stefnandi byggir fyrst og fremst á því að hann hafi uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíli samkvæmt samningi við stefnda, auk þess að hafa unnið þau viðbótar- og aukaverk sem stefndi óskaði eftir og voru nauðsynleg til þess að ljúka verkinu. Hann eigi því rétt á fullum efndum hvors tveggja. Hann hafi afhent stefnda viðbygginguna fullkláraða og tilbúna til notkunar 31. júlí 2018. Stefndi hafi ekki bent á neina galla á verkinu sem geti hindrað eðlilega nýtingu hússins.

Um aðalkröfu

Fjárhæð aðalkröfu nemi eftirstöðvum fjárhæðar skv. 3. gr. samningsins að viðbættum viðbótar- og aukaverkum skv. skýringarliðum E, F, G, H og I og 25b, 25, 27, 39 og 44 á lokauppgjörsskjali stefnanda, samtals að fjárhæð 25.098.278 kr.

Heildarfjárhæð aðalkröfu nemi því 40.080.592 kr. sem sundurliðast þannig:

	Eftirstöðvar fastverðs verksamnings	14.982.314 kr.
25:	F liður Roof light system external insulation 62m	4.154,07 €
25b.	F liður Roof edge wood materials and strops	2.640,00 €
27:	Internal Wool sandwichpanel	1.148,07 €
39:	B liður Extra container for Roof light system	7.203,00 €
44:	Viðbótarverk vegna gaflglugga og gaflhurðar	500.000 kr.
	Viðbótartímavinna við uppsetningu án steyptrar plötu	7.262.060 kr.
	Viðaukagisting og fæði fyrir fimm menn í 48 daga	967.200 kr.
	Viðauka kranaleiga og leiga á öðrum lyftum í 48 daga	11.844.480 kr.
	Breytingar á stálgrind, skv. reikningi frá Stálgæðum ehf.	1.598.696 kr.
	Smákranar ehf., vegnakrana við uppsetningu á innivegg	1.028.610 kr.
	Samtals (miðað við gengi 125,7)	40.080.592 kr.

Aðalkrafa stefnanda byggist á því að hann eigi rétt á að fá fulla greiðslu skv. 3. gr. verksamnings og öll viðbótar- og aukaverk greidd að fullu úr hendi stefnda. Það leiði af almennum reglum kröfuréttar sem og gr. 3.6.2 í ÍST-30. Aðalkrafa stefnanda byggist á aukaverkum og viðbótarverkum í skilningi ÍST-30 en skv. gr. 1.2.19 séu viðbótarverk allar breytingar sem verkkaupi geri á verkinu, eftir að verksamningur sé kominn á. Samkvæmt gr. 1.2.5 í ÍST-30 sé aukaverk skilgreint sem verk sem sé óhjákvæmilegt að framkvæma til þess að unnt sé að ljúka verki en sé hvorki getið í verklýsingu né magntöluskrá.

Stefnandi hafi í einu og öllu unnið verkið samkvæmt samþykktum teikningum og fyrirmælum stefnda. Stefnandi telji stefnda verða að bera allan halla af frávikum frá upphaflegri verklýsingu enda hafi allar breytingar farið fram á ábyrgð stefnda sem verkkaupa og að hans beiðni. Ætíð þegar komið hafi upp atvik er vörðuðu breytingu eða viðbót á verkinu hafi stefnandi haft samband við stefnda með tölvuskeyti og bent honum á viðkomandi atvik, kallað eftir viðbrögðum og bent á mögulegar lausnir eins og greint sé í lýsingu málsatvika. Stefndi hafi samþykkt allar breytingar og viðbætur á fundum á verkstað enda sé ekki hægt að halda verkinu áfram öðruvísi.

Samkvæmt lokauppgjörsskjali stefnanda hafi aukaverk fallið til undir eftirfarandi verkliðum:

- 25: F liður Roof light system external insulation 62m
- 25b: F liður Roof edge wood materials and strops
- 27: Internal Wool sandwich panel 100 mm EI-60/342 m²+nýtt efni 34,79
- 39: B liður Extra container for Roof light system

Viðbótarverk, þ.e. ný verk sem ekki teljast aukaverk undir upphaflegum verkliðum 1-62, séu eftirfarandi (færð sem skýringarliðir E, F, G, H, I og 25b., 25, 27, 39, og 44 í lokauppgjörsskjali):

- Viðbótarstálhönnun vegna Múrbúðarinnar. Gafgluggi á gaffli og gafflurð
- Viðbótaskrávinnu undirverktaka við uppsetningu á húsi án steyptrar plötu
- Viðbótargisting, fæði og ferðir, 5 menn í 48 daga
- Viðaukakanaleiga og og leiga á öðrum lyftum
- Breytingar á stálgrind í fimm vinnuhurðagötum, samkvæmt reikningi frá Stálgæðum ehf.
- Viðbótarkranaleiga og leiga á lyftum vegna tafa stefnda á verk tíma í 48 daga.
- Smákranar, sér rafmagnsdrifinn krani við uppsetningu á innivegg að beiðni stefnda, vegna mengunar inn í verslun Stillingar

Stefnandi byggir á því að breytingar á verkáætlun og tilhögun verksins vegna vanefnda stefnda hafi valdið honum stóru auknum kostnaði sem stefnandi eigi rétt á að fá greiddan úr hendi stefnda.

Stefnandi vísar til þess að á verk tímanum hafi hann verið beiðinn að breyta stálramma dyra og hanna þær til samræmis við innkeyrsludyr í því húsi stefnda sem fyrir var. Þær hafi ekki verið í samræmi við staðfesta stálburðarþolshönnun frá árinu 2003 heldur hafi stefndi breytt þeim án þess að breyta burðarþolshönnun hjá byggingarfulltrúa. Af þeim sökum hafi hönnun stefnanda tekið mið af eldri stálburðarþolshönnun en ekki breytingunni. Misræmið hafi ekki uppgötvast fyrr en við uppsetningu stálgrindar hússins. Stefnandi hafi tilkynnt stefnda þetta jafnóðum og hafi stefnda verið gerð grein fyrir kostnaði vegna þessarar breytingar með tölvuskeyti 9. mars 2018.

Tafir á afhendingu verkstaðarins hafi valdið því að fimm manna vinnuhópur, sem var kominn frá Lettlandi til þess að vinna við uppsetningu stálvirkisins, hafi ekki getað hafið vinnu sína á umsömdum tíma. Stefnandi hafi eftir sem áður þurft að standa straum af dvöl þeirra, bæði fæði og uppihaldi, þá daga sem hann hafi ekki getað nýtt þá í verkið eða önnur verk, alls 48 daga. Kostnaður stefnanda vegna þessa sé 967.200 kr. og sé þá miðað við 1.750 kr. á dag á mann án vsk. vegna gistingar en 1.500 kr. á dag á mann án vsk. vegna fæðis.

Breytingar á verkáætlun sem byggingarstjóri hafi tilkynnt 8. desember 2017 hafi kallað á aðra vinnutilhögun sem hafi fyrst og fremst falist í aukinni vinnu eins og framlagðar vinnuskýrslur sýni. Aukalegar vinnustundir vegna þessa hafi verið alls 901 og hafi stefnandi greitt 6.500 kr. án vsk. á tímann, samtals 7.262.060 kr. með vsk.

Gjaldskrá stefnanda samkvæmt samningslið 62 vegna aukaverka sé svofelld:

- 1.750 kr. vegna gistingar á dag á mann án vsk.
- 1.500 kr. vegna fæðis á dag á mann án vsk.
- Tímagjald aukaverka
 - fyrir verkamenn 3.500 kr. án vsk.
 - fyrir iðnaðarmenn 6.500 kr. án vsk.
 - fyrir kranavinnu 19.900 kr. án vsk.

Vegna tafa á verkinu af hálfu stefnda hafi kranar og lyftur stefnanda verið mun lengri tíma á verkstað en stefnandi gerði ráð fyrir í tilboði sínu. Viðbótaskrávinnu vegna þessa hafi numið 48 dögum og miðist leiga við 10 tíma á hvern dag, samtals 480 tímar á 24.676 kr. með vsk., alls kr. 11.844.480 með vsk.

Þá hefði stefnandi þurft að leigja sérstakan rafmagnskrana að beiðni stefnda við færslu innveggjar frá línu 4 til línu 5 en tilboð hans hefði miðað við að nýta olíuknúinn lyftara í eigu stefnanda.

Stefnandi byggir á því að tafir á verkinu séu alfarið á ábyrgð stefnda þar eð hann hafi ekki getað afhent verkstað, hvorki á réttum tíma né í því ástandi sem samningur kveði á um. Tafir sem stefndi beri ábyrgð á hafi orðið bæði í upphafi, þegar stefnandi átti að fá verkstað afhentan í lok árs 2017, og aftur í apríl 2018, þegar stefnandi hefði þurft að reka á eftir því að stefndi hæfist handa við að steypa botnplötu

hússins.

Stefnandi hafi tilkynnt stefnda um framlengingu á verk tíma í desember 2017 þegar tafir verktaka á vegum stefnda hafi legið fyrir og stefndi óskaði eftir því að stefnandi samþykkti nýja verkáætlun og verktilhögun. Þetta hafi hann gert í samræmi við gr. 5.2.3 ÍST-30. Það haggi ekki rétti stefnanda þótt hann kynni að hafa samþykkt breytta verkáætlun í verki enda leysi slíkt samþykki samningsaðila ekki undan skyldum samkvæmt verksamningi skv. gr. 3.3.2 ÍST-30. Tafirnar hafi meðal annars bakað stefnanda stóraukinn kostnað sem hann hafi áskilið sér rétt til þess að krefja stefnda um.

Verkinu sé að fullu lokið og stefndi skuldbundinn til þess að greiða fyrir það. Þær mótbáru stefnda að verkinu sé ekki lokið styðjist ekki við rök enda standi ekkert því í vegi að stefndi nýti húsið á eðlilegan hátt. Stefndi verði að sýna fram á annað.

Þá byggi stefnandi einnig á því að stefndi hafi tafið lokauppgjör verksins með fyrirsætti og undanbrögðum og staðið því í vegi að lokauppgjör færi fram. Verksamningnum sé því í raun ekki lokið heldur sé hann enn opin þar eð stefndi hafi neitað að mæta á lokauppgjörfund eða nokkurn annan fund eftir lokaúttekt 23. ágúst 2018. Af þeim sökum hafi til dæmis ekki verið hægt að ganga endanlega frá verklokaskjali til þess að loka samningnum. Stefnandi hafi ítrekað reynt að fá stefnda til þess að ganga til fundar í þessu skyni en án árangurs, síðast í mars 2019 eins og tölvuskeyti milli aðila sýni.

Um varakröfu

Varakrafa stefnanda byggist á því að hann eigi að lágmarki að fá greitt fyrir verkið samkvæmt 3. gr. verksamnings, án aukaverka. Stefndi hafi samþykkt og undirritað samninginn og sé því skuldbundinn til þess að efna hann, þar með talið að greiða samþykkt fastverð. Stefnandi hafi uppfyllt samningskyldur sínar og eigi því rétt á því endurgjaldi sem stefndi samþykkti. Stefnandi byggi varakröfu sína á öllum sömu málsástæðum og lagarökum og færðar séu fram fyrir aðalkröfu, eftir því sem við eigi.

Fjárhæð varakröfu stefnanda miðist við fast verð að frádregnum innborgunum stefnda. Fastverð hafi numið 786.234,99 evrum með virðisaukaskatti og 26.617.998 íslenskum krónum og skuli miða við gengi Arion banka á greiðsludegi. Miðað við gengi Arion banka 23. ágúst 2018 nemi fastverð samningsins 125.209.655 kr. Sú gengisviðmiðun sé stefnda verulega hagstæð. Stefndi hafi greitt inn á verkið 110.127.341 kr. og því nemi eftirstöðvar fastverðs samningsins 14.982.314 kr. sem sé fjárhæð varakröfu stefnanda.

Samkvæmt venju og meginreglu verktakaréttar beri verkkaupa að greiða fyrir þann hluta verksins sem hafi verið unninn. Þannig geti stefndi ekki haldið eftir greiðslu fyrir þá hluta verksins sem sannanlega hafi verið unnir þótt ágreiningur kunni að standa um önnur atriði, svo sem aukaverk eða lokauppgjör. Þessi regla birtist einnig í gr. 5.1.4 og 5.1.6 í ÍST 30:2012. Í fyrrnefnda ákvæðinu komi fram sú meginregla verktakaréttar að greiða beri fyrir verk eftir framvindu þess nema um annað hafi verið samið. Í síðarnefnda ákvæðinu segi að þótt ágreiningur verði um fjárhæð reiknings heimili það verkkaupa ekki að neita greiðslu á þeim hluta sem sé ekki umdeildur. Aðalskylda stefnanda samkvæmt verksamningi hafi verið að reisa viðbyggingu við Klettháls 5 og það hafi stefnandi gert. Hann eigi því skýlausan rétt til greiðslu fyrir húsið enda hamli ekkert eðlilegri nýtingu þess.

Stefnda hafi verið send innheimtviðvörðun 11. ágúst 2018 og aftur 8. mars 2019. Stefnandi telji að frekari innheimtutilraunir muni ekki bera árangur og því sé nauðsynlegt að höfða mál. Hann verði að fá dóm til þess að geta fullnustað kröfu sína gagnvart stefnda.

Um dráttarvaxtakröfu

Dráttarvaxtakrafa stefnanda bæði í aðal- og varakröfu miðist við útgáfu reiknings nr. 42, 25. júlí 2018. Þá hafi stefnandi krafist greiðslu samkvæmt 3. gr. verksamnings, sbr. annan viðauka, sem sé varakrafa hans. Stefnandi hafi samhliða krafist lokauppgjör sem miðaðist við afslátt en þó með fyrirvara og áskilnaði um frekari kröfu síðar. Stefndi hafi því þá þegar getað gert upp verkið og kröfurnar á því tímamarki, að minnsta kosti hvað varðar umsamda samningsgreiðslu skv. 3. gr. samningsins. Stefnandi telur því rétt að miða upphaf dráttarvaxta við 25. júlí 2018. Til vara byggi hann á því að dráttarvextir miðist við lokaúttekt verksins sem fór fram 23. ágúst 2018 en til þrautavara við uppkvaðningu dóms.

Um kröfu stefnda um tafabætur

Stefnandi hafnar mögulegum kröfum stefnda um tafabætur sem órókstuddum og of seint fram komnum. Tafir á verkinu hafi alfarið verið á ábyrgð stefnda og af hans völdum, einkum vegna tafa við jarðvegsvinnu í grunni hússins og við að steypa sökkla í grunn og botnplötu. Stefnanda verði ekki kennt um neinar tafir á verkinu, þvert á móti hafi stefnandi þurft að reka á eftir stefnda við framkvæmdir til þess að halda verkinu gangandi.

Sú skylda hvíli á þeim sem hyggist bera fyrir sig vanefndaúrræði samkvæmt meginreglu kröfuréttar að koma þeirri kröfu sinni á framfæri við gagnaðila án ástæðulauss dráttar. Hafi gagnaðilinn augljósa og brýna hagsmuni af því að fá vitneskju um það hvort og hvernig viðkomandi aðili hyggist bera fyrir sig vanefnd. Stefndi hafi ekki gert kröfu eða sent tilkynningu um beitingu tafabóta án ástæðulauss dráttar þrátt fyrir næg tilefni. Líta beri til atvika málsins í heild, hvernig verkinu hafi miðað, samskipta aðila og ekki síst hvort stefnandi hafi mátt ætla að frávik frá afhendingardegi væru honum að meinalausu með hliðsjón af áskilnaði hans um lengdan afhendingartíma og töfum á verkinu af hálfu stefnda. Að þessu leyti vegist hagsmunir aðila á, annars vegar hagsmunir verktaka af að krefjast framlengingar og verkkaupa af að krefjast tafabóta. Stefnandi hafi mátt treysta því miðað við málsatvik að stefndi myndi ekki beita tafabótaúrræði samningsins úr því hann hafði ekki minnst á þau áður en verki lauk. Stefndi hafi haft fullt tilefni til þess að tilkynna stefnanda hefði hann það í hyggju, ekki síst í ljósi þess að stefnandi tilkynnti um rétt til framlengingar og gerði athugasemdir við tafir af völdum stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að í verksamningi aðila, dags. 8. september 2017, hafi stefnandi tekið að sér bæði framleiðslu, hönnun og uppsetningu stálgrindar, sbr. 1. gr. Hann hafi því borið ábyrgð á því hvernig verkið var unnið og að hönnun væri fullnægjandi. Að sama skapi hafi hann borið ábyrgð á því verði sem hann kynnti stefnda við samningsgerðina, í fyrsta viðauka við verksamninginn, og að það endurspeglaði endanlegan kostnað miðað við þá hönnun sem stefnandi sjálfur bar ábyrgð á.

Í 3. gr. verksamningsins segi að magntölur séu fastar sem og einingarverð. Því sé alfarið rangt að stefnandi hafi getað breytt verði og magntölum á verktíma, allt á kostnað stefnda og að aðrar og breyttar magntölur svo og verð gætu orðið „grundvöllur lokauppgjörs“. Það eigi sér enga stöð.

Samkvæmt staðlinum ÍST 30:2012, sem gildi um verksamning aðila, megi verktaki ekki vinna nein auka- eða viðbótarverk nema samkvæmt staðfestum fyrirmælum verkkaupa, sbr. gr. 3.6.5. Stefndi hafi ekki gefið stefnanda staðfest fyrirmæli um að víkja skyldi frá verksamningi, stefnda til kostnaðarauka, enda hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn um slíkt. Hafi stefnandi orðið fyrir viðbótarkostnaði eins og hann haldi fram, umfram það sem hann sjálfur áætlaði á grundvelli eigin hönnunar, geti stefndi ekki borið ábyrgð á því. Þegar af þessum sökum sé mótmælt öllum kröfum stefnda um greiðslur fyrir aukaverk, sem hafi ýmist komið til vegna hönnunargalla eða mistaka sem stefnandi beri sjálfur ábyrgð á og/eða áttu að vera innifalin í verkinu samkvæmt samningi aðila.

Af þessum sökum sé alfarið mótmælt aðalkröfu stefnda, sem feli í sér kröfur um viðbótargreiðslur, umfram samningsverð, vegna tilgreindra aukaverka og breytinga á magntölum.

Vegna tafa sem hafi orðið á frágangi byggingarlóðar og botnplötu þurfi fyrst að áréttu að stefnandi hafi skuldbundið sig samkvæmt 1. gr. verksamnings til þess að afhenda verkkaupa allar teikningar sem byggingaryfirvöld krefjist vegna framkvæmdaleyfis, áritaðar, innan þriggja vikna frá undirritun samnings. Ritað hafi verið undir samninginn 8. september 2017 og hafi stefnandi því átt að afhenda þessar teikningar eigi síðar en 29. september 2017. Þessar teikningar hafi stefnandi fyrst afhent stefnda 5. október 2017, eða einni viku of seint. Þær hafi þar að auki verið ófullnægjandi að mati byggingarfulltrúa og því hafi þurft að lagfæra þær. Lagfærðar teikningar hafi stefnandi loks afhent 12. október 2017 eða tveimur vikum síðar en verksamningur áskildi. Þessar teikningar hafi verið forsenda framkvæmdaleyfis og þar með forsenda þess að hægt væri að hefja nokkrar aðgerðir á byggingarstað.

Stefnandi hafi einnig skuldbundið sig með 1. gr. verksamnings til þess að afhenda stefnda sökkulbolta eigi síðar en 10. október 2017, en þeir hafi þurft að vera tiltækir áður en hægt væri að hefja steypuvinnu á sökkulum. Sökkulboltarnir hafi hins vegar ekki komið á verkstað fyrr en 17. nóvember 2017 og hafi þá ekki verið í samræmi við teikningar. Nauðsynlegt hafi verið að lagfæra sökkulboltana, og hafi fyrstu lagfærðu boltarnir komið á verkstað 22. nóvember 2017. Þá fyrst hafi stefndi getað hafið steypuvinnu á sökklinum. Tafir sem hafi orðið á því að hefjast mætti handa við að steypa sökkulinn hafi því alfarið verið á ábyrgð stefnanda.

Vegna þeirra tafa sem urðu á steypuvinnu á sökkli hafi verið ákveðið, í samráði aðila, að bíða með að steypa botnplötu. Sú leið hafi einkum verið farin að undirlagi stefnanda sjálfs og vegna hagsmuna hans, þar eð honum hafi legið á að koma byggingarefni á verkstað. Eftir því sem stefndi komist næst hafi það byggingarefni komið til landsins og beint á verkstað 11. desember 2017, en þann sama dag hafi stefndi afhent stefnanda verkstað. Með þessu hafi stefnandi samþykkt fyrir sitt leyti að steypuvinnu á botnplötu yrði ekki lokið áður en hafið var að reisa stálgrindina, en stefnandi hafi einnig samþykkt það með tölvuskeyti 8. desember 2017.

Stefndi hafi þegar gert athugasemdir við kröfu stefnanda um framlengingu verktíma með tölvuskeyti 27. desember 2017. Í því hafi stefndi tekið fram að hann teldi stefnanda bera ábyrgð á töfum og að hann hafnaði því að stefnandi ætti rétt á lengingu verktíma og tafakostnaði.

Þótt stefnandi hafi fengið verkstað afhentan 11. desember 2017 hafi hann ekki hafið verkið fyrr en 4. janúar 2018, og hvorki gert athugasemdir né sett fyrirvara um hækkun á samningsverði vegna þeirra tafa sem urðu samkvæmt framansögðu, enda í beinu samhengi við hans eigin vanefndir. Stefnandi hafi ekki þá, frekar en annars, upplýst um nein aukaverk sem vinna þyrfti vegna tafanna. Hann hafi ekki heldur fengið staðfest fyrirmæli um að vinna nein slík aukaverk, eins og gr. 3.6.5 í ÍST 30:2012 áskilji. Því hafi stefndi, sem verkkaupi, hvorki fengið tilefni né tækifæri til þess að bregðast við neinu slíku eða takmarka fyrir sitt leyti aukinn kostnað. Stefndi mótmæli því einnig sem ósönnuðu að stefnandi hafi orðið fyrir raunverulegum aukakostnaði vegna þessara tafa, umfram þann kostnað sem hann hefði hvort eð er þurft að bera vegna verksins þótt það hefði verið unnið á þeim tíma sem upphaflega var gert ráð fyrir í verk-samningi aðila. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðji þá forsendu málatilbúnaðar hans.

Verkfundur hafi verið haldinn á verkstað 14. mars 2018. Á honum hafi stefnandi tilkynnt stefnda að reisingu stálgrindar væri lokið og að hægt væri að hefja vinnu við að ljúka botnplötu og að það yrði ekki verkinu til trafala þótt unnið væri í því samhliða klæðningarvinnu. Á sama fundi hafi komið fram að stefnandi teldi að hann yrði út apríl 2018 að ljúka verkþáttum utanhúss. Þess vegna mótmæli stefndi sem ósannaðri þeirri staðhæfingu stefnanda að steypuvinnu á botnplötu hafi tafið verkið. Verktaki á vegum stefnda hafi þegar í stað hafið vinnu við að steypa botnplötu, sem var lokið 9. maí 2018.

Stefndi mótmæli því einnig sem röngu að stefnandi hafi boðað til lokaúttektar með tölvuskeyti 25. júlí 2018. Hið rétta sé að í því tölvuskeyti hafi stefnandi beðið um fund vegna lokauppgjörs. Hann hafi aldrei boðað til lokaúttektar, eins og honum hafi verið uppálagt í verksamningi aðila. Stefndi hafi boðað til lokaúttektarinnar sem fram fór 23. ágúst 2018.

Samkvæmt öllu framansögðu sé ljóst að allar tafir sem urðu á verkinu frá því sem lagt var upp með í verksamningi hafi alfarið verið á ábyrgð stefnanda og því mótmælt að stefndi eigi að bera af því nokkurn aukakostnað eða tjón.

Ekki verði heldur komist hjá því að benda á að kröfur stefnanda um greiðslur fyrir svokölluð aukaverk séu enn verulega vanreifaðar. Fyrri máli stefnanda hafi verið vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar með úrskurði dags. 31. janúar 2019. Í rökstuðningi þess úrskurðar hafi verið tekið fram að ekki yrði skýrt ráðið af stefnu hvernig fjárkröfur stefnanda væru fundnar og hver væri grundvöllur þeirra. Þannig væri til að mynda óljóst á hvaða grunni krafist væri greiðslna fyrir viðbótarverk. Að mati stefnda hafi ekki verið bætt úr þessum annmörkum nema að takmörkuðu leyti í þessari síðari málsókn. Fjárhæðir séu enn á reiki, óútskýrðar og ósannaðar. Að mati stefnda kunní þetta með réttu að eiga að leiða til frávísunar málsins án kröfu. Í öllu falli megi telja ljóst að stefnandi hafi ekki með nokkru móti sannað að grundvöllur sé fyrir kröfum hans um greiðslu vegna aukaverka.

Í þessu samhengi þurfi einnig að áréttta að stefnandi hafi ekki krafist viðbótargreiðslna fyrir en með reikningi dags. 25. júlí 2018, eða rúmum fjórum mánuðum eftir að hann lauk við að reisa stálgrindina. Stefndi telji í öllu falli að mögulegar kröfur stefnanda um greiðslur fyrir aukaverk séu fallnar niður fyrir tómlæti séu þær á annað borð til. Að auki hafi þær fjárhæðir sem stefnandi telji sig eiga rétt á breyst ítrekað frá því að framangreindur reikningur var gefinn út, án viðhlítandi útskýringa. Stefndi mótmæli því fjárhæðum meintra krafna stefnanda vegna aukaverka, sem vanreifufuðum og ósönnuðum.

Vegna varakröfu stefnanda um greiðslu eftirstöðva fastverðs samkvæmt 3. gr. verksamnings vísi stefndi til þess að stefnandi hafi ekki lokið verkinu í samræmi við verksamninginn og eigi því ekki kröfu um greiðslu eftirstöðva. Lokaúttekt á verkinu hafi farið fram 23. ágúst 2018. Á þeim fundi hafi fulltrúa stefnanda verið greint frá þeim atriðum sem stefnandi hefði ekki lokið, og honum hafði ítrekað verið bent á, svo og að stefndi myndi leita eftir verði frá öðrum í að ljúka þeirri vinnu og skuldajafna þeim kostnaði við uppgjör við stefnanda. Þá hafi verið ljóst að þeir undirverktakar sem stefnandi hafði fengið til að sinna tilteknum frágangsverkum vildu ekki lengur vinna fyrir hann, en voru auðfánlegir til að vinna sömu verk ef stefndi greiddi reikninginn. Stefnandi hafi fengið 10 daga frest til þess að lagfæra önnur atriði, sem hafi komið í ljós við þessa sömu lokaúttekt að væri ólokið eða sem stefndi hafði gert ítrekaðar athugasemdir við áður. Stefnandi hafi ekki lokið öllum þeim lagfæringum innan frestsins. Stefndi hafi því þurft að bera viðbótarkostnað vegna þeirra. Þar eð stefnandi hafi ekki lokið verkinu mótmæli stefndi því að stefnandi eigi kröfu um greiðslu eftirstöðva fastverðs samkvæmt verksamningi.

Stefndi geri athugasemdir við útreikning stefnanda á eftirstöðvum fastverðs og mótmæli honum sem ósönnuðum. Það sé rétt að stefndi hafi greitt 110.127.341 kr. Samkvæmt samningnum skyldi greitt fyrir áfanga A og áfanga B í evrum, en fyrir efni og uppsetningu í íslenskum krónum. Allir reikningar hafi hingað til verið greiddir í íslenskum krónum. Samkvæmt 3. gr. verksamnings hafi verið heimilt að greiða fyrir verklíði í evrum í íslenskum krónum og skyldi þá miða við gengi Arion banka á greiðsludegi. Stefndi mótmæli þess vegna þeirri aðferð stefnanda að reikna evrufjárhæðir í heild sinni yfir í íslenskar krónur á gengi dagsins þegar lokaúttekt fór fram, óháð þeim greiðslum sem höfðu þegar verið inntar af hendi og óháð þeirri niðurstöðu lokaúttektar að þá hafi verkinu raunar ekki verið lokið, og gera kröfu um mismuninn í íslenskum krónum. Því sé verulega vanreifað hjá stefnanda að sú fjárhæð sem hann krefst til vara sé í raun sú fjárhæð sem eftir standi af fastverði verksamningsins. Af því verði stefnandi að bera hallann. Leiði sú vanreifun ekki til frávísunar varakröfu stefnanda án kröfu telji stefndi óhjálkæmlegt að hann verði sýknaður af varakröfunni þar eð ekki sé komin fram lögfull sönnun fyrir rétttri fjárhæð.

Stefnanda hafi verið tilkynnt um þann kostnað sem stefndi hafi þurft að bera til þess að láta sjálfur ljúka verkinu, fyrst með bréfi dags. 19. september 2019 og aftur með bréfi dags. 21. mars 2019. Auk þessa hafi stefndi krafist dagsekta sem féllu til vegna tafa sem urðu á afhendingu verksins í samræmi við 6. gr. verksamnings aðila og málskostnaðar sem stefnandi var dæmdur til að greiða stefnda samkvæmt úrskurði héraðsdóms frá 31. janúar 2019.

Verði talið að stefnandi hafi yfirhöfuð eignast kröfu til greiðslu eftirstöðva kaupverðs geri stefndi gagnkröfu til skuldajöfnunar vegna útlagðs kostnaðar, sbr. gr. 4.4.8 í ÍST 30:2012, dagsekta og málskostnaðar sem nemi 13.773.495 kr., sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, og sundurliðist þannig:

Útlagður kostn. verkkaupa vegna ólokinnar verka verktaka:	
S. Saga ehf.	198.400 kr.
S. Saga ehf.	337.280 kr.
Refskegg v/boltaherslu	101.330 kr.
Alefli v/úttektar á boltaherslum	171.694 kr.
Maggi og Daði, sögun á boltum	<u>292.800 kr.</u>
Samtals	1.101.504 kr.
Dagsektir – 10% þak á verksamningi	12.371.991 kr.

Kröfum stefnanda um dráttarvexti af stefnu fjárhæðum í aðal- og varakröfu mótmæli stefndi sem algjörlega vanreifuðum. Dráttarvaxtakrafa sem miðist við útgáfu reiknings dags. 25. júlí 2018 geti ekki staðist. Þegar hafi verið fjallað um það að kröfur stefnanda hafi á því stigi og síðar verði algjörlega vanreifaðar, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur dags. 31. janúar 2019. Krafa um dráttarvexti geti ekki heldur miðast við dagsetningu lokaúttektar, enda hafi í þeirri úttekt komið í ljós að stefnandi hefði ekki lokið verkinu í samræmi við samning svo sem að framan er reifað.

Niðurstaða

Félagið Fashion Group ehf. reisti stálgrindarhús fyrir stefnda á grundvelli svokallaðs fastverðs-samnings, dags. 8. september 2017. Stefndi hefur ekki greitt alla samningsfjárhæðina. Af þeim sökum höfðaði stefnandi þetta mál. Eftirstöðvar samningsfjárhæðarinnar svara til varakröfu hans en með aðal-kröfu sinni bætti hann við auka- og viðbótarverkum sem hann taldi sig eiga rétt á að fá greitt fyrir. Eftir að málið var höfðað var bú Fashion Group tekið til gjaldþrotaskipta og tók það við aðild málsins til sóknar.

Fyrirsvarsmáður Fashion Group ehf. gaf skýrslu fyrir dómi, sem og tæknilegur ráðgjafi stefnda.

Stefnandi leit svo á að hann hefði lokið verkinu og sendi stefnda og tæknilegum ráðgjafa hans tölvuskeyti 25. júlí 2018 þar sem hann boðaði til lokaúttektar og uppgjörsfundar á verkstað að Kletthálsi 5, einum til tveimur dögum síðar og bað þá að velja fundartíma. Vegna sumarleyfa varð ekki af lokaúttekt fyrir en mánuði síðar, 23. ágúst. Samkvæmt fundargerð þess fundar var húsið fyllilega hæft til notkunar. Tæknilegur ráðgjafi bar fyrir dómi að það hefðu verið gerðar mjög fáar athugasemdir við vinnugæði verksins og að byggingin væri „ágætis hús“.

Stefnandi hefur því uppfyllt þá samningsskyldu sína að afhenda stefnda bygginguna sem hann skyldi reisa. Í samræmi við samninginn ber stefnda því að öllu óbreyttu að inna sína skyldu af hendi og greiða eftirstöðvar samningsverðsins.

Samningurinn var bæði í krónum og evrum. Meðal annars af þeim sökum greinir málsaðila á um hver sé fjárhæð eftirstöðvanna. Stefndi krefst 14.982.314 kr. Í bréfi sem þáverandi lögmaður stefnda ritaði stefnanda, 9. ágúst 2018, segir að tilboð stefnanda hafi numið 124.897.248 krónum. Af þeirri fjárhæð hafi stefndi þegar greitt 110.127.341 krónu. Af þessu má ráða að eftirstöðvarnar hafi, að mati stefnda, numið (124.897.248 – 110.127.341) 14.769.907 kr. Við þá viðurkenningu telst stefndi bundinn og ber því við úrlausn málsins að miða við þessa fjárhæð, enda hafa engin haldbær rök komið fram af hálfu stefnda sem gætu leitt til annarrar niðurstöðu.

Stefndi telur sér ekki skylt að greiða þá fjárhæð þar eð hann eigi hærri kröfu á hendur stefnanda sem hann geti nýtt til skuldajöfnunar við kröfu stefnanda. Stefndi tilgreinir í fyrsta lagi að hann hafi þurft að leggja út 1.101.504 kr. til þess að ljúka þeim verkum sem var ólokið 23. ágúst 2018 þegar lokaúttekt stefnda fór fram.

Stefndi hefur lagt fram reikninga fyrir þessum verkum. Þeir eru þó allir haldnir þeim ágalla að engum þeirra fylgir vinnuskýrsla. Ekki er heldur greint frá því hvernig þessi verk tengjast meintum óloknum verkum stefnanda við húsbygginguna. Gegn mótmælum stefnanda telur dómurinn því að stefndi geti ekki nýtt þessa reikninga til skuldajöfnunar við fjárkröfu stefnanda.

Stefndi byggir einnig á því að hann eigi fjárkröfu á hendur stefnanda vegna tafa á verkinu sem nemi 12.371.991 kr. Samkvæmt 5. gr. samningsins hafi verkinu átt að vera lokið 15. febrúar 2018 en því sé í reynd ekki lokið. Tafir hafi hlotist af því að stefnandi hafi afhent teikningar of seint svo og sökkulbolta, sem hafi þar að auki ekki verið í réttri lengd. Auk þess sem hann hefði ekki hafið reisingu hússins fyrir en 4. janúar 2018.

Gögn málsins sýna að tafir á verkinu verða ekki að öllu leyti raktar til atvika sem stefnandi ber ábyrgð á heldur koma þar einnig við sögu atvik sem telja verður á ábyrgð steypuverktakans Aleflis, sem var bæði yfirverkstjóri á staðnum og lögformlegur byggingarstjóri verksins.

Samkvæmt gögnum málsins krafðist stefndi ekki tafabóta fyrr en löngu eftir að stefnandi taldi sig hafa lokið verkinu. Meðal gagna málsins eru ekki neinar fundargerðir byggingarstjóra og ekki verður séð að hann hafi yfirhöfuð haldið neina verkfundi. Verður stefnanda ekki gert að bera hallann af þessu verklagi.

Tæknilegur ráðgjafi stefnda ritaði skjal sem hann nefnir fundargerð 14. mars 2018. Í henni segir að halda þurfi sérstakan fund vegna tímaáætlana, dagsekta og annarra atriða varðandi verklok. Fyrirsvarsmaður stefnanda kannaðist ekki við að þetta hefði verið rätt og hafnaði því að honum hefði verið send fundargerð þar sem þetta hefði verið bókað. Í málinu liggur ekki fyrir að fundargerðin hafi verið send honum. Auk þess staðfesti tæknilegur ráðgjafi stefnda fyrir dómi að það hefði aldrei verið haldinn fundur síðar til þess að ræða tímaáætlanir, dagsektir eða önnur atriði varðandi verklok.

Í bréfi sem þáverandi lögmaður stefnda ritaði stefnda 9. ágúst 2018 er hvorki minnst á tafabætur né skuldajöfnuð. Í bréfi sem lögmaðurinn ritaði stefnda 19. september 2018 er engu að síður áréttuð krafa frá 9. ágúst um skuldajöfnuð og tafabætur. Í síðara bréfinu er hins vegar að hvorugu vikið frekar heldur skorað á stefnanda að ljúka verkinu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins.

Það var ekki fyrr en með bréfi lögmanns síns 21. mars 2019 að stefndi krafðist tafabóta. Þá krafðist hann dagsekta sem næmu 10% af sammingsverðinu en þak tafabóta miðaðist við það hlutfall. Stefndi tilgreindi ekki frá hvaða degi hann teldi þá daga sem verkið hefði tafist en sagði einungis að tafir á verkinu væru svo miklar að þær ættu í raun að vera langtum hærri en þakið samkvæmt verksamningi.

Dómurinn telur að stefnandi hafi með tölvupósti 25. júlí 2018 tilkynnt stefnda um verklok með því að boða til lokaúttektar. Það var ekki fyrr en átta mánuðum síðar sem stefndi byggði á því að hann ætti rétt á tafabótum.

Hafi stefndi yfirhöfuð átt rétt til tafabóta telur dómurinn að hann hafi glatað þeim rétti með tómlæti sínu við að halda þeim rétti til haga. Dómurinn telur því að stefndi eigi ekki rétt til tafabóta úr hendi stefnanda sem hann geti nýtt til skuldajöfnunar við kröfu hans.

Hins vegar er fallist á að stefndi geti nýtt málskostnað sem honum var dæmdur úr hendi stefnanda 31. janúar 2019 í máli nr. E-2930/2018, 300.000 kr., til skuldajöfnunar.

Réttur stefnanda til greiðslna fyrir viðbótar- og aukaverk

Eftir stendur það álitaefni hvort stefnandi eigi rétt á greiðslum fyrir auka- og viðbótarverk.

Stefndi hafnar því að hann hafi óskað eftir nokkrum auka- eða viðbótarverkum frá stefnanda. Hann byggir á því að stefnandi hafi tekið að sér alverk. Magntölur, útfærsla og verklag sé því á hans ábyrgð.

Samkvæmt verksamningnum átti stefndi að sjá um jarðvinnu, leggja jarðvegslagnir, steypa sökkla og botnplötu. Hann sá einnig um raflagnir og loftræstingu. Að auki réð hann arkitektinn og byggingarstjórnann. Dómurinn getur því ekki fallist á að verksamningurinn sé alverkssamningur. Samkvæmt 3. gr. er hann hins vegar fastverðssamningur þannig að einingarverð og magn á að vera fast.

Í samningnum er engu að síður svohljóðandi ákvæði, sem stefnandi kallar F-skýringarákvæði: „Ef vantar kostnaðarliði eða einingarverð, þá skal reikna þá liði sem viðbótarverk/aukaverk.“ Að auki segir í samningnum: „The Offeror have right to correct the transport number.“ Undir þessi ákvæði ritaði stefndi. Dómurinn telur að þessi ákvæði verði ekki virt að vettugi. Engu að síður telur dómurinn, að liðir sem sjá mátti fyrir fram að væru nauðsynlegir en tilboðsgjafa yfirsáust einfaldlega, verði ekki samþykktir á grundvelli þessara ákvæða nema sérstök rök standi til þess.

Aukaverk

Roof light system external insulation 62 m (25 F)

Fyrirsvarsmáður stefnanda bar fyrir dómi að í þessum lið væri átt við einangrun utan á vegg þakglugga sem stendur upp úr þakinu. Það hafi einfaldlega gleymst að gera ráð fyrir einangrun á veggjum þessa glugga.

Að mati dómsins á verktaka, sem er vanur að gera tilboð í reisingu stálgrindarhúss og hafði fyrsta hluta hússins sem fyrirmynd, ekki að yfirsjást atriði eins og þetta þegar hann gerir tilboð í viðbygginguna. Því fellst dómurinn ekki á að þetta komist að sem aukaverk á grundvelli ákvæðisins.

Í tilboðsskjalinu er greiðsluliður fyrir þakglugga í lið 57. Hans er því getið í magntöluskránni. Eðlilegt hefði verið að hafa einangrun í þeim lið við gerð tilboðsins. Því er ekki heldur unnt að fallast á þetta aukaverk á grundvelli gr. 1.2.5 í ÍST 30.

Roof edge wood materials and strops (25b F)

Fyrirsvarsmáður stefnanda bar fyrir dómi að þetta væri timbur undir klæðningu á þakkantinum sem hefði gleymst að gera ráð fyrir þegar magnskráin var búin til, sem og festingar sem þurfti til að festa þær við þakplöturnar sem voru úr stáli.

Að mati dómsins á vönum verktaka ekki að yfirsjást atriði eins og þetta þegar hann gerir tilboð í viðbyggingu. Því fellst dómurinn ekki á að þetta komist að sem aukaverk á grundvelli skýringarákvæðis F.

Í tilboðsskjalinu er greiðsluliður fyrir þakkant í lið 46. Hans er því getið í magntöluskránni. Eðlilegt hefði verið að hafa timbrið í þakkantinum í þeim lið við gerð tilboðs. Því er ekki heldur unnt að fallast á þetta sem aukaverk á grundvelli gr. 1.2.5 í ÍST 30.

Internal wool sandwich panel (27)

Fyrirsvarsmáður stefnda bar fyrir dómi að í þessu aukaverki væri tilgreind einangrun fyrir eldþolna innveggi. Það hefði komið fram á óformlegum fundi með fyrirsvarsmanni stefnda að þegar innveggurinn yrði færður úr línu fjögur í línu fimm myndi svo mikið af þessari einangrun skemmast að það yrði að kaupa svolitla einangrun aukalega. Fyrirsvarsmáður stefnda hefði óskað eftir því að fyrirsvarsmáður stefnanda keypti viðbótarefni til þess að veggurinn yrði vel einangraður. Ekkert magn sé fært á þennan lið í tilboðinu því ekki hafi verið fyrirséð að þetta þyrfti.

Gögn málsins sýna ekki að fyrirsvarsmáður stefnda hafi óskað eftir þessu viðbótarefni. Auk þess eru í tilboði stefnanda tveir liðir fyrir ýmislegt ófyrirséð og jafnframt hefði tilboðsgjafi átt að sjá fyrir að eitthvað af þessari einangrun kynni að skemmast við flutning innveggjarins. Þessi liður verður því að teljast vanmat tilboðsgjafa sem verður ekki samþykkt á grundvelli skýringarákvæðis F.

Extra container for roof light system (39 B)

Fyrirsvarsmáður stefnanda bar fyrir dómi að þegar samningurinn hefði verið gerður hefði ekki verið búið að ákveða hvernig efnið yrði flutt til landsins. Annars vegar hefði verið mögulegt að flytja það í gámum eða hins vegar, flytja allt í einu með stóru skipi. Þeir hafi valið að flytja efnið með stóru skipi. Þakglugginn hafi hins vegar komið frá öðru landi og úr annarri átt. Því hafi verið ákveðið að flytja hann til landsins með sér gámi. Í samningnum sé ákvæði sem heimili verktaka að breyta flutningskostnaði þegar nauðsyn krefji.

Ekki liggur annað fyrir en að það hafi verið vitað frá upphafi að glugginn kæmi ekki frá sama landi og stálgrindin og klæðningin. Það hafi því verið fyrirsjáanlegt að hann yrði ekki fluttur með þeim heldur sjálfstætt. Því hefði verið hægt að gera ráð fyrir þessum þætti í tilboðinu.

Viðbótarverk

Viðbótarverk vegna gaflglugga og gaflhurðar

Fyrirsvarsmáður stefnanda bar fyrir dómi að Múrbúðin hefði tekið viðbygginguna sem þeir voru að reisa á leigu og hafi beðið um að settur yrði gluggi og hurð á austurhlíð hennar. Óskað hafi verið eftir því að stefnandi sæi um það. Þetta hafi staðið til þegar skrifað var undir samninginn en ekki hafi legið fyrir hvernig eigendur Múrbúðarinnar hefðu viljað hafa glugga og hurð.

Í tilboði stefnanda, í 44. lið, er tilgreint „Viðbótarstálhönnun vegna Múrbúðin. Fellur út 01.09.2017“. Í þeim lið er hvorki tilgreindur fjöldi né einingarverð. Stefnandi keypti alla stálhönnun af stálvirkishönnuðum sem eru tilgreindir í verksamningnum. Til sönnunar þeim kostnaði sem hann segist hafa haft af þessum verklið hefur hann ekki fært neina reikninga frá þeim. Umfang þessa liðar er því ósannað.

Viðbótartímavinna við uppsetningu án steyptrar plötu

Stefnandi byggir á því að breytingar á verkáætlun sem byggingarstjóri hafi tilkynnt 8. desember 2017 hafi kallað á aðra vinnutilhögun. Framlagðar vinnuskýrslur sýni að verkið hafi reynst tímafreakara við það að grindin var reist áður en botnplatan var steyp og hann hafi þurft að klæða húsið á sama tíma og unnið var við botnplötuna. Hann eigi rétt á viðbótargreiðslu af þeim sökum.

Til þess að dóminum væri kleift að fallast á þessa kröfu gegn mótmælum stefnda hefði stefnandi þurft að leggja fram mat óháðs aðila á því, annars vegar hversu margar vinnustundir hefði tekið að reisa húsið hefði það verið reist eftir að botnplatan hafði verið steyp og hins vegar hversu margar vinnustundir tók að reisa húsið með því að botnplötuna vantaði og að hún var steyp á sama tíma og húsið var klætt. Slík matsgerð liggur ekki fyrir og verður því að telja fjárhæð þessarar kröfu ósannaða.

Fæði og húsnæði fyrir fimm menn í 48 daga

Stefnandi byggir á því að tafir á afhendingu verkstaðarins hafi valdið því að fimm manna vinnuhópur, sem var kominn frá Lettlandi til þess að vinna við uppsetningu stálvirkisins, hafi ekki getað hafið vinnu sína á umsömdum tíma. Stefnandi hafi eftir sem áður þurft að standa straum af dvöl þeirra, bæði fæði og upphaldi, þá daga sem hann hafi ekki getað nýtt þá í verkið eða önnur verk, alls 48 daga.

Þessi krafa stefnanda er alls ósönnuð og framvinda verksins sýnir ekki að hún eigi rétt á sér. Stefnandi fékk verkstaðinn afhentan 12. desember 2017 og sama dag flutti hann stálið inn á lóðina. Engu að síður hófst hann ekki handa við verkið fyrir en 4. janúar 2018.

Í verksamningnum segir að Emimar Ltd. Latvija sjái um uppsetningu á verkstað undir stjórn verktaka. Stefnandi hefur ekki lagt fram neinn reikning frá þeim undirverktaka sem færir sönnur á þessa viðbótarkröfu stefnanda. Réttmæti hennar er því ósannað.

Kranaleiga og leiga á öðrum lyftum í 48 daga

Stefnandi hefur fært sömu rök fyrir því að kranar og lyftur hans hafi verið 48 dögum lengur á verkstað en hann gerði ráð fyrir í tilboði sínu. Til sönnunar þessari kröfu hefur hann þó ekkert fært fram. Hann hefur ekki sýnt fram á að ekki hefði verið unnt að nýta þessi tæki til annarra verka á meðan sá dráttur varð á verkinu sem stefndi ber ábyrgð á. Þessi viðbótarkrafa telst einnig ósönnuð.

Smákranar vegna uppsetningar á innivegg

Að mati dómsins átti stefnandi að gera sér grein fyrir því frá upphafi að hann gæti ekki notað krana sem gengi fyrir díselolíu við vinnu inni í rými þar sem fólk væri að störfum. Dómurinn telur að það sé því á hans ábyrgð hafi hann orðið fyrir aukakostnaði við það að sjá það ekki fyrir og þurfa að útvega krana sem gengi fyrir rafmagni.

Breytingar á stálgrind samkvæmt reikningi frá Stálgæðum

Stefnandi reisti ekki fyrra húsið, sem þetta hús er viðbygging við, heldur flutti inn efnið í það. Hann ritaði fyrirvarsmanni stefnda 30. janúar 2018 og gerði grein fyrir því að stálgrindinni, sem hann hefði afhent HSH árið 2003, hefði verið breytt umhverfis vinnuhurðir. Þessi breyting hefði verið gerð til þess að opna mætti iðnaðarhurðir alveg upp að þaki. Allar hurðir sem stefnandi hefði pantað hefðu miðað við teikningar frá árinu 2003, en á þeim hefðu ekki verið breytingar sem gerðar voru síðar umhverfis hurðirnar. Hann lýsti því að fjarlægja þyrfti stóra bitann yfir hurðunum og setja „prófil“ innan við hann til þess að hurðirnar kæmust upp með veggnum. Fyrirsvarsmáður stefnda óskaði eftir áætlun á kostnaði við verkið og fyrirvarsmáður stefnanda aflaði þeirrar áætlunar samdægurs og framsendi hana fyrirvarsmanni

stefnda og tæknilegum ráðgjafa. Hvorki verður séð að fyrirsvarsmáður stefnda né tæknilegur ráðgjafi hafi hafnað því tilboði eða yfirhöfuð mótmælt því að gengið yrði frá hurðunum eins og gert var í fyrri byggingunni. Stefnandi lagði fram reikning frá Stálgæðum þar sem því er ítarlega lýst hvernig fimm dyrum (hurðagötum) á Kletthálsi 5 hafi verið breytt í febrúar 2018.

Dómurinn telur að stefnandi hafi sýnt nægjanlega fram á að þetta verk hafi verið unnið með samþykki stefnda, svo og að fjárhæð þess sé nægjanlega sönnuð.

Það er því niðurstaða dómsins að stefnandi eigi rétt til eftirstöðva fastverðs samningsins og að við ákvörðun fjárhæðar eftirstöðvanna skuli leggja til grundvallar fjárhæð sem stefndi viðurkenndi í bréfi til stefnanda 9. ágúst 2018. Dómurinn telur stefnanda einungis hafa sýnt fram á réttmæti eins af þeim auka- og viðbótarverkum sem hann hefur krafist greiðslu fyrir. Dómurinn telur stefnda hafa glatað hugsanlegri kröfu um tafabætur sakir tómlætis en telur hann geta nýtt áður dæmdan málskostnað til skuldajöfnunar við kröfu stefnanda. Fjárhæðirnar sundurliðast þannig:

Eftirstöðvar fastverðs samningsins	14.769.907 kr.
Aukaverk: breyting á stálgrind	1.598.696 kr.
Viðurkenndar eftirstöðvar kröfu stefnanda	<u>16.368.603 kr.</u>
Skuldajöfnun stefnda: málskostnaður 31. janúar 2019	300.000 kr.
Samanlögð skuld stefnda við stefnanda	<u>16.068.603 kr.</u>

Til grundvallar fjákröfu stefnanda liggur reikningur hans nr. 42 sem hann gaf út 25. júlí 2018. Hann krefst dráttarvaxta frá þeim degi.

Samkvæmt 10. grein verksamningsins skyldi lokaúttekt verkkaupa fara fram innan þriggja daga frá verklokum. Fyrirsvarsmáður stefnanda tilkynnti um lokaúttekt með tölvupósti 25. júlí 2018. Vegna summarleyfa fyrirsvarsmanna stefnda og tæknilegs ráðgjafa fór lokaúttekt ekki fram fyrr en 23. ágúst 2018.

Samkvæmt 4. gr. verksamningsins skyldu greiðslur innlends kostnaðar greiddast innan tveggja vikna frá framlagningu samþykktra reikninga. Með vísan til þessa ákvæðis telur dómurinn að ekki sé unnt að fallast á dráttarvexti frá því reikningurinn var gefinn út. Samkvæmt þeim tveggja vikna greiðslufresti sem um var samið fellst dómurinn á að stefnda beri að greiða stefnanda dráttarvexti frá 8. ágúst 2018.

Vegna þessarar niðurstöðu verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað. Með tilliti til umfangs málsins þykir málflutningsþóknun, að meðtöldum virðisaukaskatti, hæfilega ákveðin 1.500.000 kr.

Ingiríður Lúðvíksdóttir og Arnaldur Hjartarson héraðsdómarar ásamt Kristbirni Búasyni byggingarverkfræðingi kveða upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Stilling hf., greiði stefnanda, þrotabúi Fashion Group ehf., 16.368.603 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 8. ágúst 2018 til 31. janúar 2019 en með dráttarvöxtum af 16.068.603 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 í málskostnað og er virðisaukaskattur þá meðtalinn.